

Norðurlandi eystra, 3. september 2024

Efni: Umsögn um uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Hér fyrir neðan má finna umsögn stjórnar SSNE um uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Stjórn SSNE fagnar aukinni áherslu og auknum fjölda aðgerða í loftslagsmálum. Málaflokkurinn er einn sá umfangsmesti sem sveitarstjórnir landsins þurfa að glíma við og fer hlutverk hans stækkandi með hverju árinu. Stjórnin fagnar sérstaklega uppbyggingu landtenginga í höfnum og auknum stuðningi við orkuskipti ökutækja á landsvísu.

Stjórn SSNE vill í framhaldinu vekja athygli á eftirfarandi atriðum í uppfærðri aðgerðaáætlun.

- **S.5.B.1. Uppbygging hjóla- og göngustíga** er mikilvæg aðgerð sem sveitarfélögin á Norðurlandi eystra hafa unnið að síðustu ár en ljóst er að hlutfall fjármagns í Samgönguáætlun sem fer í hjóla- og göngustíga er einungis agnarlítið brot af því sem fer í nýframkvæmdir og því nauðsynlegt að bæta verulega í eigi raunverulegur árangur að nást. Mikil tækifæri liggja í uppbyggingu hjólastíga milli þéttbýliskjarna og vinsælla ferðamannastaða. Þar er því nauðsynlegt að koma inn með aukinn stuðning.
- **S.5.B.4. Þjónustumiðaður rekstur almenningssamgangna styrktur um land allt** er aðgerð sem þarf að hafa skýrt markmið; að verða hluti af heildstæðu neti vistvænna samgangna. Nauðsynlegt er t.a.m. að bæta verulega tengingu almenningssamgangna við Akureyrarflugvöll en hún er engin í dag. Því er ekki mögulegt fyrir íbúa utan Akureyrar að ferðast á flugvöllinn öðruvísi en með einkabíl. Á sama tíma er nauðsynlegt að auka tíðni almenningssamgangna, bæta aðgengi fyrir börn og hreyfihamlaða ásamt því að byggja upp vandaðar stoppistöðvar þar sem notendur fá notið skjóls, hjólastæða og lágmarks þjónustu. Ríkið þarf að styðja við uppbyggingu þessa nauðsynlegu samgönguinnviði í helstu þéttbýliskjörnum landsbyggðanna. Ekki gengur lengur að bjóða íbúum og ferðamönnum uppá að húka á næsta umferðareyju við lítið skilti í öllum veðrum.
- **S.5.B.6. Aukin upptaka deilihagkerfis í samgöngum** er mikilvæg og góð aðgerð. Hafa þarf í huga að ólíkir þéttbýliskjarnar hafa ólíkar þarfir og móta þarf stefnu í þessum málaflokki í nánú samráði við sveitarfélögin þar sem þessi aðgerð gæti opnað möguleika á því að heimilin geti fækkað bílum í rekstri hjá sér. Það eitt og sér væri umfangsmikil kjarabót fyrir heimili á landsbyggðinni.
- **Þ.1.A.6. Ívilnun vegna kolefnisjöfnunar** gagnast ekki sveitarfélögunum sem eru ekki að borga tekjuskatt af aðgerðum líkt og endurheimt votlendis. Þó er endurheimt

óræktaðs framræsts votlendis langstærsta tækifæri landshlutans til að draga úr losun, samkvæmt nýlegri skýrslu um kolefnisspor Norðurlands eystra. Beinir styrkir til allra landeigenda, þ.m.t. sveitarfélaga, til að endurheimta votlendi væru öflugt verkfæri til að fjölga slíkum framkvæmdum verulega.


- **Þ. 1. A. 10. Samráðshópur stjórnvalda og atvinnugreina um markvissar ívilnanir til loftslagsvænna fjárfestingar** virðist ekki gera ráð fyrir aðkomu sveitarfélaganna að því samtali. Þó fjárfestu sveitarfélög fyrir tæplega 70 ma.kr árið 2022. Hér er tækifæri til að gera betur og styðja við sveitarfélögin með markvissum ívilnunum til loftslagsvænna fjárfestinga enda eru þau með stórt hlutfall af losun Íslands á sínum herðum.

Að auki vill stjórn SSNE koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

- **Græn skref SSNE** er verkefni sem hefur farið fram úr okkar björtustu vonum og er stór hluti af öllum þeim aðgerðum sem sveitarfélögin á Norðurlandi eystra hafa framkvæmt. Hér er komið verkefni sem mögulegt er að yfirfæra á alla landshlutana með góðum stuðningi ríkisins. Þannig mætti koma á fót styrktarsjóði sem sveitarfélögin geta sótt í til að byggja upp mikilvæga samgönguinnsviði í kringum þetta verkefni, t.a.m. með vönduðum hjólastæðum, hjólaskýlum og fleiru því tengdu. Það væri skilvirk aðgerð sem myndi styðja við öll helstu markmið Íslands um samdrátt í losun.
- **Samgönguvika og Bíllausi dagurinn** eru verkefni sem Ísland hefur tekið þátt í síðustu ár með ágætum hætti. Þar liggja mikil tækifæri í aukinni þátttöku og sýnileika með því að skapa stuðning og koma upp skilgreindum verkferlum af hálfu ráðuneyta. Landshlutasamtökin geta verið lykilatriði í þeim verkferlum þar sem þau eru nú þegar að vinna í þessum málaflokki og eru góður ráðgjafi og stuðningsaðili fyrir sín sveitarfélög.
- **Sjálfbært byggðaskipulag** þar sem skipulag byggðar og samgangna er samþætt með áherslu á vistvænar samgöngur er hluti af Landsskipulagsstefnu og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um Mannlíf, byggð og bæjarrými. Til að fylgja þessum áherslum eftir þarf að rýna þarfir ólíkra sveitarfélaga og skapa betri stuðning við faglegt skipulagsstarf sveitarfélaga með fjármagni og ráðgjöf. Þannig væri markvisst dregið úr umferð og losun gróðurhúsalofttegunda.

Í stuttu máli þá vantar verulega upp á skýran stuðning við sveitarfélögin í þessari aðgerðaráætlun og mikil aukning á aðgerðum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um land allt. Til að þær aðgerðir raungerist þarf að gera sveitarfélögunum kleift að taka þátt í verkefnunum.

Fyrir hönd stjórnar SSNE,



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir
Framkvæmdarstjóri.